

Netbókanir upplifana í borðabókunum

Síðast uppfært 24/06/2026 11:20 am BST

Í Noona HQ getur þú sett upp viðburði/upplifanir sem viðskiptavinir geta bókað í gegnum á netinu. Það eru tvær megingerðir af reglum sem þú myndir setja upp.

1. Upplifanir á ákveðinni dagsetningu og tíma
2. Upplifanir sem eru í boði yfir ákveðiði tímabil

Hér fyrir neðan förum við í gegnum báðar stillingar skref fyrir skref.

Viðburðir á ákveðinni dagsetningu og tíma

Ef viðburður á t.d. að vera bókanlegur 31. desember kl 18 og 20 þá byrjar þú að stofna nýtt **sniðmát fyrir regluset**

▼ Sniðmát fyrir regluset +

Þar setur þú upp reglu fyrir **netbókanir** með því að smella á +Bæta við

+ Bæta við

- Þar myndir þú stilla að tímasetningin á viðburðinum sé frá 18:00 til 18:15
- Passa að velja rétt borð
- Velja upplifunina/viðburðinn sem þessi regla tengist

Ný regla

Tegund Netbókanir ▼

Frá 18:00

Til 18:15

Netbókanir

16 borð laus Breyta >
0 borð ekki í boði

1 upplifun í boði Breyta >
3 upplifanir ekki í boði

Hætta við Staðfesta

Síðan myndir þú búa til alveg eins reglu nema tímasetningin væri frá 20:00 til 20:15 og þá myndi sniðmátið á reglunni líta svona út:

Nýtt sniðmát
✕

Nafn

2 reglur
+ Bæta við

Netbókanir ⋮

18:00 - 18:15

Netbókanir	on
Laus borð	16
Upplifanir í boði	1

Netbókanir ⋮

20:00 - 20:15

Netbókanir	on
Laus borð	16
Upplifanir í boði	1

Til þess að upplifunin sé einungis bókanlegur 31. desember myndir þú síðan smella á þrjá punktana hægra megin á sniðmátinu -> Bæta við tímabili -> og setja upphafs og loka dagsetninguna sem 31. desember.

Gamlárskvöld	1	31. des 2025	2	→ ⋮
--------------	---	--------------	---	---

Bæta við reglusetti
✕

Nafn	Gamlárskvöld
Upphafs dagsetning	31. Dec 2025 >
Loka dagsetning	31. Dec 2025 >

Hætta við

Staðfesta

Þá kemur þetta svona út í bókunarferlinu:

← Hvenær?

desember 2025 í dag

← mán 29 þri 30 **mið 31** fim 1 fös 2 lau 3 sun 4 →

18:00 20:00

Enginn góður tími? [Skrá á biðlista](#)

NOONAS **Noonas Brasserie**
Katrínartún 4, Reykjavík, Iceland

Fjöldi gesta 2

Dagsetning mið. 31. des.

Upplifun Gamlárskvöld

Upplifanir á ákveðnu tímabili?

Hér tökum við dæmi um upplifun sem á að vera bókanlegur allar helgar í nóvember frá kl 14 til 20.

Þá byrjar þú að stofna nýtt **sniðmát fyrir regluset**

▼ Sniðmát fyrir regluset +

Þar setur þú upp reglu fyrir **netbókanir** með því að smella á +Bæta við

+ Bæta við

- Þar myndir þú stilla að tímasetningin á upplifuninni sé frá 14 til 20:15
- Passa að velja rétt borð
- Velja upplifunina/viðburðinn sem þessi regla tengist

Breyta reglu ×

Tegund Netbókanir ▼

Frá 14:00

Til 20:15

Netbókanir

16 borð laus Breyta >
0 borð ekki í boði

1 upplifun í boði Breyta >
4 upplifanir ekki í boði

Hætta við **Staðfesta**

Til þess að upplifunin sé einungis bókanlegur um helgar í nóvember myndir þú síðan smella á þrjá punktana hægra megin á sniðmátinu -> Bæta við tímabili -> og setja upphafs dagsetninguna sem 1. nóv og loka dagsetninguna sem

30. nóv og velja einungis laugardaga og sunnudaga.

Helgar Pop-up

0

Aldrei

1



Bæta við reglusetti

Nafn Helgar Pop-up

Upphafsdagsetning 01. Nov 2025 >

Lokadagsetning 30. Nov 2025 >

M P M F F L S

Hætta við Staðfesta

Þá kemur þetta svona út í bókanarferlinu á öllum laugardögum og sunnudögum í nóvember:

Hvenær?

nóvember 2025

í dag

mán 27 þri 28 mið 29 fim 30 fös 31 lau 1 sun 2

Allt Hádegi Kvöld

14:00	14:15
14:30	14:45
15:00	15:15
15:30	15:45
16:00	16:15
16:30	16:45
17:00	17:15

NOONAS Noonas Brasserie
Katrínartún 4, Reykjavík, Iceland

Fjöldi gesta 2

Dagsetning lau. 01. nóv.

Upplifun Helgar Pop-up

Lokun á aðrar bókanir á meðan upplifun er í gangi

Ef þú vilt vera með lokað á hefðbundnar bókanir á meðan upplifunin er í gangi þá myndir þú stofna annað reglusett sem skilgreinir lokunina.

Til að loka á venjulegar bókanir á meðan Helgar Pop-up viðburður er í gangi á laugardögum og sunnudögum í nóvember, þarf að búa til sérstakt sniðmát fyrir netbókanir sem inniheldur engan viðburð.

Breyta reglu ✕

Tegund Netbókanir ▼

Frá 11:30

Til 20:00

Netbókanir

16 borð laus Breyta >
0 borð ekki í boði

0 upplifanir í boði Breyta >
5 upplifanir ekki í boði

Hætta við Staðfesta

Síðan þarf að passa að stilla aftur dagsetningarnar á þessari reglu með því að smella á þrjá punktana hægra megin á sniðmátinu.

Lokað á hefðbundnar bókanir	0	Aldrei	1	→ ...
-----------------------------	---	--------	---	-------

Þá lítur dagurinn svona út í bókunarferlinu á öllum laugardögum og sunnudögum í nóvember:

← Hvenær?

nóvember 2025 Í dag

← mán 27 þri 28 mið 29 fim 30 fös 31 **lau 1** sun 2 →

Smakkseðill

Leyfðu okkur að leiða þig í gegnum einstaka matarupplifun þar sem bragð, áferð og frumleg hugmyndafræði mætast í h. [Sjá meira](#)

Upplifun ekki í boði þennan dag [Sjá næsta lausa dag](#) eða [Skrá á biðlista](#)

Noonas Brasserie
Katrínartún 4, Reykjavík, Iceland

Fjöldi gesta 2

Dagsetning lau. 01. nóv.

Helgar Pop-up

14:00 14:15 14:30 14:45 15:00

← Sýna meira →

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða pælingar vakna!

